

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Neskaupstað.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Neskaupstað. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Neskaupstað skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 23.30 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagrip og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Neskaupstað nr. 215 frá 26. október 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. janúar 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- 1) Fyrirhugað iðnaðarsvæði í norðanverðu Hnoðraholti er minnkað þannig að eystri mörk þess verða við fyrirhugaðan Hlíðardalsveg.
- 2) Íbúðarsvæði sunnan Fífuhvammsvegar er stækkað í vestur að fyrirhuguðum Hlíðardalsvegi og í suður að fyrirhuguðum Arnarnesvegi.
- 3) Eystri mörk fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæðis sunnan fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar eru færð vestur fyrir fyrirhugaðan Hlíðardalsveg.
- 4) Fyrirhugað miðhverfi austan Reykjanesbrautar er minnkað og afmörkun þess breytt þannig að það verður allt norðan fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar.
- 5) Opið svæði til sérstakra nota (athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts) er stækkað til austurs.
- 6) Mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar er breytt þannig að tengirampi til austurs færist norður fyrir Fífuhvammsveg.
- 7) Gatnamót fyrirhugaðs Fífuhvammsvegar og fyrirhugaðs Hlíðardalsvegar eru færð vestar.
- 8) Göngu- og reiðleiðir breytast lítillega.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.